

Fréttabréf



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance

2. tölublað 2023

Ekkert barn útundan!

Við sendum þér 2.900 kr. valgreiðslu í heimabankann
svo þú getir hjálpað þeim sem þurfa á því að halda.



Kristín Ólafsdóttir verkefnastýra á góðri stund í vettvangsferð í Eþíópíu fyrir á þessu ári.

Skólataskan og dömubindið

Þótt hálf öld sé liðin man ég eftir því eins og gerst hafi í gær að pabbi leiddi mig í skólann í fyrsta sinn. Ég var að springa úr tilhlökkun og ég var montin. Ég var nefnilega með nýja skólatösku á bakinu. Mamma og pabbi áttu fimm börn og bjuggu við kröpp kjör svo ný taska var alls ekki sjálfgefin.

Þótt við fjölskyldan byggjum þröngt og á nútímamælikvarða við fátækt þá skipti það mig sem barn ekki miklu máli því þannig bjó fólk almennt í kringum okkur. Fátækt er enda að hluta til spurning um hvað séu ásættanleg lífsgæði í viðkomandi samfélagi.

En fátækt er líka hugtak um skort og nær til þess að fólk hefur ekki nóg til að mæta grunnþörfum. Hún nær þannig til fjárhagslegs, félagslegs, menntunarlegs, húsnæðislegs og heilsufarslegs ástands sem fólk býr við til lengri eða skemmri tíma.

Undanfarinn áratug hafa fleiri en tvö þúsund fjölskyldur neyðst til að leita til Hjálparstarfsins um aðstoð ár hvert. Sumar þeirra eru fastar í vítahring fátæktar á meðan aðrar glíma við tímabundinn vanda. Allar eiga þær sameiginlegt að hafa ekki næg fjárráð til að geta mætt grunnþörfum sínum.

Hjálparstarfið leggur áherslu á að tryggja velferð barna og því felst neyðaraðstoðin fyrst og fremst í því að barnafjölskyldur fá inneignarkort fyrir matvöru. Í upphafi skólaárs huga félagsráðgjafar Hjálparstarfsins svo sérstaklega að því að börn líði ekki fyrir efnaleysi foreldranna.

Félagsráðgjafarnir vita sem er að mörg börn kviða skólabyrjun. Ekki endilega námsins vegna heldur vegna þess að þau óttast félagslega einangrun sökum fátæktar. Þau kviða því að mæta vanbúin í skólann. Hjá Hjálparstarfinu fengu í fyrrihaust foreldrar fleiri en 300 grunnskólabarna fyrir þau skólatöskur og fleira sem tilheyrir því að byrja í skólanum.

Fátækt er að hluta til spurning um hvað séu ásættanleg lífsgæði. Hér á Íslandi búa sem betur fer fáir við allsleysi en það gerir hins vegar fólkið sem við vinnum með í Eþíópíu, Úganda og Malaví. Fólkið þar hefur minna en 300 krónur til ráðstöfunar á dag og hefur ekki nægan aðgang að vatni og heilsugæslu.

Og þar mæta unglingsstúlkur ekki í skólann þegar þær eru á blæðingum vegna þess að þær hafa ekki efni á að kaupa dömubindi. Smám saman dragast þær aftur úr og flosna upp úr námi. Margar þeirra verða svo mæður börn að aldri sjálfar og þannig viðhelst fátæktin.

Almenn lífsskjör á Íslandi eru með því besta sem þekkist í heiminum og okkur sem erum aflögufær ber siðferðileg skylda til að tryggja velferð allra barna. Og tryggja að þau geti mætt í skólann full tilhlökkunar.

Kristín Ólafsdóttir

verkefnastýra, umsjón með erlendum verkefnum

„Ég var að springa úr tilhlökkun og ég var montin. Ég var nefnilega með nýja skólatösku á bakinu.“



Purfa að bíða mánaðamóta sárlasin

Stór hluti öryrkja metur heilsu sína mjög slæma en sækir þó ekki heilbrigðisþjónustu vegna kostnaðar. Allstór hluti þessa fólks er í svo bágri stöðu að það hefur ekki tök á því að leysa út lyf sem þeim hefur verið ávísað.

Þetta er meðal niðurstaðna í könnun Félagsvísinda-stofnunar sem unnin var fyrir Öryrkjabandalagið. Könnunin ber heitið Lífskjör og heilbrigðisþjónusta á Íslandi og sýnir svart á hvítu að tæplega 43 prósent þeirra sem glíma við mestu örorkuna hafa þurft að hætta við eða fresta læknisheimsókn á undanförunum sex mánuðum og fjórði hver hefur sleppt því að leysa út lyf.

Þessar niðurstöður koma félagsráðgjöfum Hjálparstarfs kirkjunnar ekki á óvart. Tugir leita til Hjálparstarfsins í hverjum mánuði til að fá aðstoð við lyfjakaup, og svo hefur verið um langt árabil. Þegar rýnt er í gagnagrunn Hjálparstarfsins kemur í ljós að á síðast liðnum sex árum hefur Hjálparstarfið aðstoðað tugi einstaklinga í hverjum einasta mánuði með lyfjakaup. Sú tala segir sína sögu en kannski ekki síður sú staðreynd að á þessum sex árum hefur veikt fólk komið í 3.218 skipti til Hjálparstarfsins í þessum erindagjörðum.

” Í mörgum tilfellum er fólk að bíða með bullandi sýkingu fram að mánaðamótum til að geta greitt sýklalyf

Sjá ekki aðra leið

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfsins, segir að það reynist fólki oft erfitt að leysa út lyf á nýju lyfjaári. Greiðslubátttökukerfið dugi ekki til fyrir alla. Þessi hópur þurfi að leita annarra ráða og tugir sjá ekki aðra leið í hverjum mánuði en að leita til Hjálparstarfsins til þess að fá aðstoð við að leysa út ávísuð lyf.



„Í mörgum tilfellum er fólk að bíða með bullandi sýkingu fram að mánaðamótum til að geta greitt sýklalyf,“ sagði Vilborg í viðtali við fréttavefinn Vísi fyrir skemmstu en Vilborg hefur um langt árabil tekið á móti fólki sem er í svo krappri stöðu að þurfa að leita til hjálparsamtaka til að leysa bráðan vanda. Þessi veruleiki birtist Vilborgu og öðru starfsfólki Hjálparstarfs kirkjunnar sem reyna að koma fólki yfir erfiðasta hjallann.

Í hverjum mánuði leita á milli 40 og 50 manns að jafnaði eftir aðstoð hjá Hjálparstarfi kirkjunnar vegna lyfjakaupa. Oft eru það öryrkjar og aldraðir sem leita eftir aðstoð. En einnig fólk á framfærslu félagsþjónustunnar og fólk á atvinnuleysisbótum sem hefur hærri þröskuld inn í afsláttinn.

Vilborg segir að fólki vanti alls konar lyf. Svo sem hjartalýf, astmalyf, sykursýkislyf, krabbameinslyf og geðlyf. Hjálparstarfið greiðir fólki ekki út pening heldur sendir beiðni í apótek þar sem greint er frá því að samtökin séu greiðandi.

„Við aðstoðum fólk ekki með lyf sem eru ávanabindandi og hægt er að selja á götunni,“ útskýrir Vilborg. En verkjalyf, svefnlyf og róandi lyf eru ekki inni í greiðslupátttökukerfi ríkisins. Það sama á við um sýklalyf og það getur verið vandamál segir Vilborg. Fólk er því oft með bullandi sýkingar en getur ekki leyst út lyfin sín strax.

„Ég er ekki lækni, en...“

„Sýklalyf eru ekki inni í greiðslupátttökukerfinu hjá fullorðnu fólki, aðeins hjá börnum,“ segir Vilborg. „Fólk er að lenda í því að þurfa að bíða til mánaðamóta til að geta leyst út sýklalyfin sín. Þau geta kostað frá þrjú þúsund upp í meira en tíu þúsund krónur.“

„Ég er ekki lækni, en ef lækni er að ávísa lyfi sem þú átt að byrja að taka og þú hefur ekki efni á því hlýtur það að vera hættulegt“

Telur Vilborg að það þurfti að breyta þessu og kerfinu í heild. Hún segir greiðslupátttökukerfið bæði flókið og



Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi

illfyrirsjáanlegt fyrir fólk. Annað vandamál er þegar fólk er að bíða eftir að fá svokallað lyfjakort. En það þarf að byrja strax á lyfinu og borga mikið þangað til kortið berst.

„Ég er ekki lækni, en ef lækni er að ávísa lyfi sem þú átt að byrja að taka og þú hefur ekki efni á því hlýtur það að vera hættulegt,“ segir Vilborg og bætir við að Hjálparstarfið hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að aðstoða fólk með aðra heilbrigðisþjónustu en lyf. Svo sem læknisheimsóknir, tannlækningar, sjúkraþjálfun, heyrnartæki eða gleraugu svo dæmi séu tekin. Starfið hefur þó aðstoðað börn með gleraugu.

„Við eigum ekki peninga fyrir því og getum ekki farið inn í þetta. Þetta á líka að vera hlutverk ríkisins en ekki hjálparsamtaka,“ segir Vilborg.



9.400 börn á Íslandi töldust undir lágtekjumörkum árið 2020 og 47.795 einstaklingar alls undir þeim sömu mörkum.

1.783 fjölskyldur fengu aðstoð frá Hjálparstarfinu fyrir síðustu jóla.

93,3 milljónir króna runnu til mannúðaraðstoðar frá Hjálparstarfinu á síðasta starfsári; til Eþíópíu, Malaví, Úkraínu og Sýrlands/Tyrklands.

213 milljónir var framlag Hjálparstarfs kirkjunnar til erlendra verkefna almanaksárið 2022.

60 lönd í fimm heimsálfum hafa til þessa, í lengri eða skemmri tíma, verið starfssvæði Hjálparstarfs kirkjunnar frá stofnun þess árið 1970.

11.785 sinnum sótti einhver um aðstoð hjá Hjálparstarfinu fyrsta heila starfsárið eftir hrunið 2008.

3.140 jólagjafir runnu úr geymslum Hjálparstarfsins fyrir jólin 2022 til mörg hundruð barna.

182 steinhús hafa verið byggð í sveitum Úganda með tilstuðlan Hjálparstarfsins frá árinu 2004. Um fullbúin hús ásamt salernisaðstöðu og söfnunartanki fyrir vatn er að ræða.

306 milljónir manna í heiminum eru taldir þurfa á mannúðaraðstoð að halda (Sameinuðu þjóðirnar, 2022).

2 milljarðar jarðarbúa hafa ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni og tvöfalt fleiri eða 4,3 milljarðar hafa ekki aðgang að viðunandi salernis- og hreinlætisaðstöðu (Sameinuðu þjóðirnar, 2022).





Öll börn þurfa að standa jafnfætis við upphaf skólagöngu

Í fyrrahaust leituðu 160 fjölskyldur til Hjálparstarfsins við upphaf skólastarfs. Mynd/Porkell Þorkelsson

Á hverju hausti leita fjölmargar barnafjölskyldur til Hjálparstarfsins þegar skólastarf er við það að hefjast. Ástæðan er einföld og ávallt sú sama. Þau sem minnst hafa handa á milli þurfa aðstoð við að útvega börnum sínum það sem öll börn þurfa þegar skólar hefjast; góða skólatösku, fatnað, ritföng og fleira. Í fyrrahaust leituðu um 160 fjölskyldur til Hjálparstarfsins við upphaf skólastarfs og börnin sem fengu aðstoð voru rúmlega 300 talsins.

Frá því að heimsfaraldurinn slepti klónni af þjóðinni hefur þróun efnahagsmála haft sérstaklega neikvæð áhrif á afkomu þeirra sem fyrir stóðu höllum fæti í samfélaginu. Umsóknum til Hjálparstarfsins frá fjölskyldum í fjárhagslegum erfiðleikum fjölga og oftar en ekki er byrði húsnæðiskostnaðar um að kenna, sem er reyndar gömul saga og ný. Slík staða bitnar á þeim sem síst skyldi en börn eru stór hluti þeirra sem njóta góðs af þeirri aðstoð sem Hjálparstarfið getur veitt.

Þjallan hringir inn

Skólastarf er að hefjast og nú í ágúst leggur Hjálparstarfið því sérstaka áherslu á að aðstoða efnalitla foreldra í upphafi skólaárs til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna. Foreldrar fá þá aðstoð svo börnin geti stundað íþróttir og tómstundastarf með jafnöldrum sínum – óháð efnahag. Börnin fá vetrarfatnað, íþróttafatnað og -töskur, ritföng til að nota heima við, nestisbox og skólatösku.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfsins, útskýrir að Hjálparstarfið hafi um langt árabil aðstoðað foreldra sem eiga börn á þessum tímamótum sem upphaf skólagöngu er. Sérstök haustsöfnun í tilefni þess að skólastarf er að hefjast hafi komið til árið 2017, en fram til þess tíma hafi Hjálparstarfið notið stuðnings fjölda aðila við að létta undir með foreldrum skólabarna og ekki síst megi nefna Velferðarsjóð barna í því samhengi.

Vilborg segir að mikilvægt skref hafi náðst þegar sveitarfélögin samþykktu að bjóða öllum nemendum gjaldfrjáls skólagögn. Það breyti myndinni þó ekki nema að takmörkuðu leyti fyrir þá sem verst standa, þó aðgerðin hafi vissulega verið til bóta.

Yfir 300 börn fengu aðstoð í fyrra

Vilborg rifjar upp að til Hjálparstarfsins leituðu um 160 fjölskyldur með yfir 300 börn þegar grunnskólinn var að byrja í fyrrahaust. Aldrei hafi jafn margir sótt um aðstoð til Hjálparstarfsins vegna skólabyrjunar en til samanburðar sótti 81 fjölskylda yfir 200 barna um sambærilega aðstoð haustið á undan. Vilborg tekur fram að aðstæður í fyrra hafi verið sérstakar vegna stríðsins sem þá var nýhafið í Úkraínu og flóttamenn þaðan hafi þurft stuðning. Eins sé skráning Hjálparstarfsins nákvæmari en áður var.



Ef þú ert ekki með skólatöskuna og það sem þú þarft í skólann getur það valdið barni hugarangri. Það er afar mikilvægt fyrir barn að geta mætt í skólann jafnfætis skólasystkinum sínum.

„Það er hópur einstaklinga sem á ekki fyrir skólatösku og útifötum og öðru slíku sem þarf þegar skólinn er að byrja. Við finnum að bæði þetta og aðsókn eftir aðstoð við tómstundir hefur verið að aukast. Matur kostar mun meira og þá á fólk minna fyrir öllu öðru,“ sagði Vilborg í viðtali við

RÚV að þessu tilefni í fyrra. Nú segir Vilborg að erfitt sé að meta hvort enn frekari aukning verði á umsóknum þetta haustið. Ekkert bendi þó til annars enda sé ár liðið þar sem efnahagsástandið hafi síst lagast og húsnæðiskostnaður heimilanna aukist mjög. Draga megi þá ályktun að fólk hafi því almennt minna á milli handanna en þá og mörg fjölskyldan kvíði haustinu.

Oft þarf lítið til

„Okkar markmið er að börnin einangrist ekki félagslega vegna bágs efnahags fjölskyldunnar,“ segir Vilborg en þekkt er að börn sem búa við fátækt eru útsett fyrir félagslegri einangrun sem getur valdið þeim sársauka og haft langvarandi félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar.

„Ef þú ert ekki með skólatöskuna og það sem þú þarft í skólann getur það valdið barni hugarangri. Það er afar mikilvægt fyrir barn að geta mætt í skólann jafnfætis skólasystkinum sínum. Svona smáatriði geta endað með því að vera kornið sem fyllir mælinn og niðurstaðan er skólaforðun – að barnið vill ekki fara í skólann og foreldrar þess láta undan þeim þrýstingi. Þetta getur síðar valdið barninu miklum vandræðum og það flosnar upp úr skólastarfi og á aldrei afturkvæmt. Niðurstaðan er félagsleg einangrun og oft vítahringur fátæktar,“ segir Vilborg og bætir við að foreldrar geti komið til Hjálparstarfsins og fengið aðstoð með skólatösku við upphaf skólagöngu, aftur þegar barn byrjar í fjórða bekk grunnskóla og síðan í upphafi unglingadeildar. Með öðrum orðum er mögulegt að fá töskur sem henta hverju aldurskeiði grunnskólagöngunnar.

„Stundum þarf svo lítið til. Áföll sem í margra augum eru smávægileg geta haft alvarlegar afleiðingar á þessum viðkvæma tíma í lífi hvers barns. Þess vegna er afar mikilvægt að lágmarka hættuna á því að börnin sjái skólann í neikvæðu ljósi í upphafi skólagöngu. Það getur haft mikil áhrif síðar á ævinni,“ segir Vilborg.



Öll börn þurfa að hafa vissa hluti hjá sér þegar skólastarf hefst. Afar mikilvægt er að öll börn standi jafnfætis jafnöldrum sínum á þessum mikilvæga tíma í lífi okkar allra.





Ba'ado að matreiða í eldhúsinu sínu. Mynd/LWF

Breytti testofunni í veitingahús

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með bændafjölskyldum sem búa við sárafatækt í Sómalífylki í austanverðri Eþíópíu. Einn þáttur þessa umfangsmikla verkefnis er að gefa konum á verkefnasvæðunum kost á því að taka þátt í sparnaðar- og lánaþópum og fá fræðslu um það hvernig best sé að hefja eigin rekstur. Eftir fræðslu og þjálfun hafa margar kvennanna hafið rekstur og reka litla búð, stunda geita- og hænsnarækt og rækta grænmeti.

Konur sem hafa tekið þátt í verkefninu tala um að þær hafi öðlast fjárráð og ákvörðunarvald. Nær óþekkt var að konur hefðu slíkt sjálfstæði áður en samvinnan hófst.

Ba'ado Muhumed Aynam er tveggja barna einstæð móðir sem fékk tækifæri til að taka þátt í verkefninu. Hún býr í Goljano hreppi í Sómalí fylki en bjó áður ásamt fyrrverandi eiginmanni sínum þar stutt frá en þau skildu fyrir níu árum síðan.

„Ég kom hingað allslaus og fékk að liggja inni hjá ættingja mínum ásamt dætrum mínum. Ég fékk stuðning frá ættingjum mínum og fólkinu í þorpinu,“ segir Ba'ado sem brá á það ráð að opna litla testofu til að sjá sér og börnum sínum farborða.

Hún segir að þurrkar séu orðnir daglegt brauð og þeir valdi fæðuskorti á svæðinu. Íbúar þurfi meira og minna að reiða sig á utanaðkomandi aðstoð til að komast af.

Ba'ado og ellefu aðrar konur í Goljano voru valdar til að taka þátt í sparnaðar- og lánaþópum sem Hjálparstarfið fjármagnar og heldur úti með stuðningi Lútherska heimssambandsins. Konurnar hafa fengið fræðslu um viðskipti og rekstur. Þar hafa þær dregið upp viðskiptaáætlanir fyrir lítil fyrirtæki. Í desember 2021 fékk Ba'ado 122 evrur að láni sem hún nýtti til að byggja undir rekstur testofunnar sinnar. Fjárfesting hennar gerði henni kleift að útvíkka veitingarekstur sinn.

„Áður en ég fékk lánið gat ég aðeins selt te og mjólk, og innkoman var rýr. Nú hef ég breytt testofunni í veitingahús og sel líka mat til viðskiptavina minna,“ segir Ba'ado. Hún slátrar geit hvern föstudag og matbýr kjötið með hrísgrjónum. Slíkur réttur kostar fimm og hálfa evru og er vinsæll meðal viðskiptavina hennar.

„Ég er búin að endurgreiða lánið að fullu og sendi svo dóttur mína í skóla,“ segir Ba'ado sem segir að verkefnið hafi ekki aðeins breytt lífi sínu til hins betra heldur einnig allra þeirra kvenna sem skipuðu hópinn með henni og allar hafi þær öðlast tækifæri sem annars hefði ekki verið í boði.





Isma (lengst til vinstri) ásamt tveimur starfsmönnum hans á rafverkstæðinu í Kampala. Mynd/Hjálparstarf kirkjunnar

Verknámið fæddi af sér uppfinningamann

Isma Ssemujju er 27 ára og er einn sex barna bændahjónanna Isa Mwanje and Naluwagi Phinah og er hann elstur þeirra systkina. Fjölskyldan tilheyrir Muganda þjóðflokknum frá héraðinu Masaka. Isma býr í Lungujja, einu af fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda.

Isma flosnaði ungur upp úr skóla af þeirri ástæðu að foreldrar hans gátu ekki greitt fyrir skólagöngu hans. Eftir að skólagöngu hans lauk var hann áfram á heimili foreldra sinna og vann þar hefðbundin landbúnaðarstörf, auk þess að taka að sér ýmiss viðvik til að leggja til heimilisins. Er þar helst að telja þvotta og að sækja vatn fyrir íbúa í sveitinni þar sem hann ólst upp. Rótleysi einkenndi uppvaxtarár hans og hann villtist af leið.

Félagsráðgjafar samstarfsaðila Hjálparstarfsins í Kampala - UYDEL (Ugandan Youth Development Link) – kynntust Isma árið 2019 og buðu honum að hefja starfsnámi í rafvirkjun og útskrifaðist hann árið eftir. Í smíðju UYDEL naut hann jafningjafræðslu um kynheilbrigði og um rétt ungs fólks til heilbrigðisþjónustu, nokkuð sem hann hafði mikla þörf fyrir. Til viðbótar við starfsnámið fékk hann einnig sálfélagslegan stuðning og margs konar fræðslu sem nýtist ungu fólki í daglegu lífi. Hann tók jafnframt virkan þátt íþróttum og ýmsum tómstundum og kynnti sér verslunarfræði og ýmsa aðra lífsleikni sem byggði upp sjálfsmynd hans og sjálfsöryggi.

Með stuðningi frá félagsráðgjöfum UYDEL hefur Isma öðlast sjálfstæði og miðlar áfram af reynslu sinni til annarra unglinga sem sækja smíðjur samtakanna og eiga rætur í fátækrahverfum Kampala. Hann styður fjölskyldu sína og ekki síst systkini sín. Áhættuhegðun sem einkenndi líf hans um skeið er að baki og hann tekur ábyrgð á sínu lífi.

Á námstíma sínum hjá UYDEL kom í ljós að rafvirkjun lék í höndunum á Isma. Má segja að hann hafi þegar sýnt snilligáfu sína sem birtist ekki síst í margvíslegum uppfinningum hans sem nýttast honum á margvíslegan hátt á litlu rafverkstæði sem hann hefur komið sér upp í Lungujja. Þar starfar hann við þriðja mann en hjá honum á verkstæðinu eru tveir unglingar í verknámi. Draumur hans er að koma á fót stóru rafverkstæði í hverfinu þar sem hann getur haldið áfram að miðla því sem hann hefur lært og öðlast um leið fjárhagslegt sjálfstæði sem hann getur nýtt til góðra verka.

Þegar Isma byrjaði verknám sitt í smíðju UYDEL sá enginn það fyrir að hann er ekki aðeins lúnkinn við að gera við raftæki samborgara sinna, heldur má kalla hann uppfinningamann ofan í kaupið. Hann býr til fjarstýrðan ljósabúnað frá grunni, fann upp handþvottavél í heimsfaraldrinum auk þess sem hann hefur smíðað klukkur, aðgangsstýrða hurðarlása sem og borðviftur sem hann smíðar úr hverjum þeim hráefnum sem falla til - litlum mótörum og rafhlöðum svo eitthvað sé nefnt.

Fyrir aðeins þremur árum var Isma á vondum stað og framtíð hans ekki björt. Nú hefur hann nóg fyrir sig og fjölskylduna.



Sara ásamt Vilborgu Oddsdóttur, umsjónarkonu innlenda starfsins hjá Hjálparstarfinu. Mynd/Hjálparstarf kirkjunnar

Reiðin fær mig til að breyta og bæta

Þegar ég fékk úthlutað starfsnámi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar í upphafi árs taldi ég mig vita nákvæmlega hvað ég væri að fara út í. Ég hafði áður unnið við úrvinnslu umsókna um fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg og þar hafði ég þurft að synja fólki um fjárhagsaðstoð á þeim grundvelli að reglur um slíka aðstoð voru ekki uppfylltar.

Ég taldi mig því vita að það væri hópurinn sem leitaði aðstoðar. Mér skjáttlaðist vissulega og það var mikið meira sem ég ekki vissi og hef fengið að læra síðastliðna mánuði.

Starfið var mun fjölbreyttara en ég hafði gert ráð fyrir. Á mánudögum fékk ég að hitta konur sem flúið hafa eigið land vegna óöruggra aðstæðna. Þær hittast þrisvar í viku til að sauma, hekla, læra íslensku og sinna félagslegum þörfum. Þrátt fyrir að tala ekki stakt orð í spænsku né farski tókst mér að kenna mörgum þeirra að hekla. Þá þurfti ég að beita allt öðru en viðtalstækniinni sem mér hefur verið kennd í háskólanum og leiklistaráfanginn sem ég tók í MH kom að mikið betri notum.

Alla þriðjudaga starfaði ég í Skjólínu. Þangað sækja konur sem eru heimilislausar eða búa við óöruggar aðstæður. Sem félagsráðgjafarnemi hélt ég að konurnar sem nota þjónustu Skjólins væru í mikilli þörf fyrir að fá að segja sína sögu, þyrftu ráðgjöf vegna félagslegrar stöðu sinnar eða leiðbeiningar um hvernig þær gætu leitað réttar síns. Enn og aftur skjáttlaðist mér. Þær leita þangað til að fá sér hádegismat, fara í sturtu og leggja sig. Þær leita þangað til að hlaða batteríin og fá smá hlé frá því að þurfa að

” Þær leita þangað til að hlaða batteríin og fá smá hlé frá því að þurfa að berjast fyrir sínum rétti...

berjast fyrir sínum rétti og segja enn og aftur frá öllum áföllum lífs síns, bara til þess eins að fá grunnþjónustu. Fá að vera bara án þess að mæta fordómum samfélagsins, heilbrigðiskerfisins og félagslega kerfisins.

Ég fékk að kynnast fólki úr öllum hópum samfélagsins og skyggnast inn í aðstæður þeirra. Hjálparstarf kirkjunnar hefur kennt mér mikið og þá sérstaklega hún Vilborg sem ég fékk að fylgja eftir. Eftir situr samt reiði. Góð reiði. Reiði í garð kerfisins sem hefur brugðist. Reiði í garð pólitíkusa sem leyfa þessu ástandi að viðgangast. Reiði sem fær mig til að vilja breyta og bæta. Snúa frá endalausum refsingum og byggja upp hvatamiðað kerfi sem hvetur fólk áfram. Því það borgar sig margfalt. Það borgar sig ekki bara hvað fjármagn varðar, heldur bætir það lífsgæði fólks í landinu.

Sara Sólrún Aðalsteinsdóttir
félagsráðgjafarnemi, MA

Pökkum stuðninginn!

A. Margeirsson Ehf
Ævintýradalurinn Ehf
Aftak Ehf.
Alvarr ehf
Argos Ehf
B.R. Sverrisson Ehf
Beyki ehf
Bgi Málarar Ehf
Bílamálun Sigursveins
Bílamálunin Örninn ehf
Bílaverk ehf
Birthingaholt
Birtingur Ehf
Bjarnar Ehf
Blikkrás Ehf
Bókasafn Vestmannaeyja
Bókhaldspjónustan Rúnir ehf
Bókráð, Bókhald Og Ráðgjöf Ehf
Bolungarvíkurkaupstaður
Bortækni ehf
Brunahönnun Síf
Burger-Inn Ehf
Dalsgarður Ehf
Dögun ehf
DS lausnir ehf.
Dverghamrar ehf.
Eignaumsjón hf
Einhamar Seafood Ehf.
Eining-löja
Eldstö ehf
Endurhæfingarstöðin ehf
Enor ehf
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
Fagefni ehf
Fidesta Ehf.
Fisk-Seafood Ehf.
Fjaðrabúðin Partur Ehf
Fjarðabyggð
Fjarðargrjót ehf
Fjarðarmót Ehf
Fjarðaveitingar Ehf
Fjárstöð ehf.
Flügger Iceland ehf.
Fræðslusetrið
Framtal Sf.
Frikirkjan Kefas
Garðabær
Gasfélagið ehf
Gb Tjónaviðgerðir Ehf.
Geislatækni Ehf, Laserþjónustan
Gesthús Selfossi ehf
Gjögur Hf.

Gljúfurbústaðir Ehf
GP - arkitektar ehf
Grímsnes Ehf
Gróðrarstöðin Réttarhóll Ehf.
Gróðrarstöðin Storð ehf
Grófargil ehf
Hafnarfjarðarkaupstaður
Hafnarsókn
Hampiðjan Hf.
Hásandur ehf.
Héraðsprent
Hestvit Ehf
HH skór ehf.
Hið Íslenska Bókmenntafélag
Höfðakaffi Ehf
Höldur Ehf.
Hópbílar Hf.
Hótel Laki ehf.
Hótel Leifur Eiríksson Ehf
Hotel Lotus ehf.
Hrafnhildur Sigurðardóttir Ehf
Hvalfjarðarsveit
Hvítasunnukirkjan Filadelfía Rv
Ísfélag Vestmannaeyja Ehf
Íslenskt sjávarfang ehf
Ísloft Blikk- Og Stálsmiðja Ehf
Ison ehf
Íþróttasamband Fatlaðra
Jensen, Bjarnason Og Co Ehf.
Jeppasmiðjan Ice.inn ehf.
Jhm Sport Ehf.
Jónar Transport Hf.
K. Valberg Síf.
K.Steinarrson Ehf
Kanon arkitektar ehf
Kast Ehf
Kemi Ehf
Kidka ehf
Klettur-Skipaafgreiðla ehf.
Kom Almannatengsl
Kvenfélagið lðunn
Lagnalist Ehf
Landakotsskóli Ses.
Landssamband Lögreglumanna
Launafl Ehf.
Leisti Ehf.
Litróf Ehf.
Ljósko ehf
Loðnuvinnslan Hf. Fáskrúðsfirði
Loft Og Raftæki Ehf
Loftorka Reykjavík Ehf.
Lyfsalinn Ehf.

Magnús Jónsson Ehf
Málarinn Selfossi Ehf
Málning hf
Meitill-Gt Tækni Ehf
Miðás Ehf.
Mika Ehf
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar Hf
Mýflug Hf.
Nesskip hf
Nethamar Ehf
Netorka hf
Nonni Litli Ehf
Nýja Bílasmíðjan Hf.
Oddi Hf.
Ökuskólinn í Mjódd Ehf.
Onno ehf
Orðabankinn Sf
Orka ehf
Orkubú Vestfjarða Ohf.
Öryggisgirðingar Ehf
Pizza King Ehf
PROevents ehf
Publin Ehf.
Pylsuvagninn Selfossi / Ingunn Guðmunds
R.H.Gröfver Ehf
Ráðhús ehf
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.
Rafey ehf
Raflausnir rafverktakar ehf
Rafmenn Ehf.
Rafmiðlun Hf.
Raftákn Ehf.
Rafverk Ag Ehf
Rétturinn veisluþjónusta ehf
Reykhóll Ehf
Rima Apótek Ehf
Rósaberg ehf
S.S. Gólf Ehf
Samherji Ísland Ehf.
Sendibílar Reykjavíkur ehf.
Sigurgeir G. Jóhannsson Ehf
Sjúkrahúsið Á Akureyri
Skiltagerð Norðurlands ehf.
Smith & Norland Hf.
Sparisjóður Suður-Þingeyinga ses.
Sprautu- Og Bifreiðaverkstæði Borgarness
Ssf
Stakkavík Ehf.
Stálkrókur Ehf.
Stansverk ehf
Stefna Ehf.
Stjórnendafélag Austurlands

Vissir þú ...

... að Hjálparstarf kirkjunnar var meðeigandi og einn stofnandi flugfélags á upphafsárum sínum í kringum 1970? Félagið hét Flughjálpar og sinnti hjálparflugi til stríðshrjáðra íbúa Bíafrá í Nígeríu. Meðeigendur Hjálparstarfsins voru flugfélagið Loftleiðir og systurstofnanir Hjálparstarfsins á Norðurlöndunum.



Súðavíkurhreppur

Sveitarfélagið Múlaþing

Sveitarfélagið Ölfus

Tannlæknabjónustan Slf.

Teiknistofa Páls Zóphóníassonar Ehf

Þorbjörn hf

Þorsteinn Bergmann Ehf
Helena Bergmann

Þörungaverksmiðjan Hf

Rafþing ehf

Þrif Og Ræstivörur Ehf.

Tölvar ehf

Trackwell hf.

Tréiðjan Einir ehf

Trésmiðjan Akur ehf.

Trésmiðjan Rein Ehf.

Tríg Ehf.

Tryggðarbönd Ehf

Útfararþjónustan Fylgd Ehf

Útfarastofa Kirkjugarðanna

Úti Og Inni Arkitektar

Útlitshönnun Ehf

Útskálaskókn

Vdo Ehf

Vélar Og Verkfæri Ehf.

Vélsmiðja Suðurlands Ehf

Vélvanur Ehf.

Verkfræðistofan Víðsjá Ehf

Verkfræðistofan Vik Ehf.

Verkhönnun Ehf

Verkval ehf

Verslunin Álfheimar ehf

Vestri ehf.

Vgh-Mosfellsbæ Ehf.

Vík ehf útgerð

Vilhjálmsson Sf

Vilko Ehf

Vínberið Ehf.

Vöggur Ehf

Vökvapjónusta Kópaskers

Vörn ehf.

VSÓ Ráðgjöf ehf

Wodbud Sf.

Wurth Á Íslandi Ehf.

Zenus Ehf

Við leitum nú til þín um stuðning við starfið en hann gerir okkur kleift að starfa í þágu barnafjölskyldna á Íslandi.

Fyrir þann stuðning erum við innilega þakklát!

Ekkert barn á að verða útundan sökum efnaleysis!

Þú getur hjálpað með því að ...

styrkja starfið á <https://www.styrkja.is/help>

greiða valgreiðslu í heimabanka, 2.900 kr.

leggja framlag inn á styrktarreikning 0334-26-50886, kt. 450670 0499

gefa framlag með Aur í 123-5284400



1970 • 2020

Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

með þinni hjálp!

Gjöf sem gefur

Gjöf sem gefur



Framtíðarsjóður

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú ungmenni á Íslandi til náms.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs skort fá stuðning svo þau geti stundað nám á framhaldsskólastigi.

Stuðningurinn gerir þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem veitir þeim starfsréttindi eða opnar þeim leið til háskólanáms. Ungu fólk þú fær aðstoð við að kaupa námsgögn, greiða skólagjöld eða annað sem gæti orðið efnaminni nemendum hindrun í að ljúka námi.



Gjöf sem gefur



Vatn

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú fjölskyldu sem býr við sára fátækt ekki bara vatn heldur líka tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Epióplu. Vatnsskortur, landrof og eyðimerkumyndun einkenna landsvæðð sem fjölskyldan býr á í Sömaliylki.

Með brunni eða vatnspró fyrir regnvatn er aðgengi að heilnæmu vatni aukið svo um munar og þá verður heilsan betri. Þegar fjölskyldan getur brynt öryrum og veitt vatni á ræktarlend eykur hún fæðuöryggi sitt og smám saman verður lífsafkoman betri.

Gjöf sem gefur



Húsaskjól

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni þak yfir höfuðið og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr aluðri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi lífi.

Nýtt múrsteinshús gefur ekki bara skjól, það gefur stolt, bjartsýni og von um að nú verði allt auðveldara og betra. Húsið er múrholðað og skordýr verpa ekki í holum í veggjum eins og í molderkólanum. Af búrnjálmspakinu stáð þess að það streymi inn í glásum kofann. Smám saman verður lífsafkoman betri.



Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni næringarrika fæðu og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr aluðri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi lífi.

Fjölskylda sem á geitastofn nýtur virðingar í samfélaginu. Suma kíðlinga má selja á markaði, aðra má nota til að stækka bústofnin enn frekar og svo er hægt að borða kjötið og njóta skinnis. Smám saman verður lífsafkoman betri.



www.gjofsemgefur.is